

**Aðalfundur Ungmennafélags Njarðvíkur, haldinn þann 29. mars 2022 kl.
20:00 í Íþróttamiðstöð Njarðvíkur**

Mættir voru: Ólafur Eyjólfsson, Ágústa Guðmarsdóttir, Einara L Kristjánsdóttir, Hámundur Ö Helgasson, Thor Hallgrímsson, Þórdís B Ingólfssdóttir úr stjórn félagsins ásamt tæplega 60 öðrum gestum.

Dagskrá fundarins:

1. Fundur settur
 - Kosning fundarstjóra
 - Kosning fundarritara
 - Fundargerð síðasta aðalfundar lögð fram
 - Ávarp formans
 - Tilkynning um frestun aðalfundar: í ljósi þess að ekki hefur verið hægt að halda aðalfund glímudeildar UMFN þá þurfum við að fresta liðnum um reikninga: féhirðir leggur fram reikningshald aðalstjórnar og deilda fram til samþykktar vegna ársins 2021
 - Féhirðir leggur fram reikningshald aðalstjórnar og deilda fram til samþykktar vegna ársins 2021- **þessum lið verður frestað.**
2. Lagabreytingar
3. Heiðursviðurkenningar
4. Ávarp gesta
5. Kosningar til aðalstjórnar og nefnda
 - a) Kosinn formaður til eins árs
 - b) Kosnir tveir stjórnarmenn til tveggja ára
 - c) Kosnir tveir menn í varastjórn til eins árs
 - d) Kosnir tveir skoðunarmenn reikninga og einn til vara
6. Önnur mál
7. Fundi frestað

1. Ólafur Eyjólfsson setur fundinn, býður gesti velkomna og stingur upp á Böðvari Jónssyni sem fundarstjóra og er það samþykkt samhljóða. Kosning fundarritara og er Þórdís B Ingólfssdóttir kosin ritari. Böðvar þakkar traustið sem honum er sýnt. Böðvar nefnir að fundurinn hafi verið auglýstur og löglega boðaður.

Fundargerð síðasta aðalfundar lögð fram

FUNDARGERÐ UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR

Ólafur Eyjólfsson þakkar góða mætingu og fer yfir síðasta ár sem einkendist af covid jafnt eins og síðasta ár, en nú er starfsemin að rétta úr kútunum. Hann les upp þá sem sátu í stjórn á liðnu ári og fer yfir skýrslu stjórnar. Aðstöðumál UMFN rædd og þá sérstaklega væntanlegu nýju aðstöðu Körfuknattleiksdeildar við Stapaskóla. UMFN mun halda áfram að herja á bæjaryfirvöld v/aðstöðu fyrir knattspyrnudeildina við Afreksbraut.

Ólafur segir ótrúlega elju í sjálfböðastarfinu innan deilda að halda starfinu gangandi við erfiðar aðstæður og vill hrósa öllu því duglega fólki.

Böðvar þakkar Ólafi fyrir og tilkynnir að reikningar allra deilda séu ekki tilbúnir. Lagt til að fresta fundi til 25. apríl og þá verða reikningar allra deilda kynntir.

Orðið laust v/reikninga en engin vill tjá sig um þá, þarf ekki samþykkt fyrir frestun

Féhirðir leggur fram reikningshald aðalstjórnar og deilda fram til samþykktar vegna ársins 2021- **þessum lið verður frestað.**

2. Böðvar fer yfir þær lagabreytingar sem Aðalstjórn leggur til og biður um samþykki Aðalfundar að leggja þær til samþykktar, samþykkt samhlóða.

Breytingar/viðbót eru merktar með **breiðu lettri.**

1. Tillaga

7.grein (var)

Aðalfundur félagsins hefur æðsta vald og ákvörðunarrétt í öllum málum þess. Skal hann haldinn eigi síðar en 15. mars ár hvert. Auglýsa skal aðalfundinn opinberlega, í staðarblöðum, með 2 vikna fyrirvara. Aðalfundurinn telst lögmætur ef löglega er til hans boðað. Tillögum um breytingar á lögum félagsins skal senda aðalstjórn eigi síðar en 3 vikum fyrir aðalfund. Heimilt er þó að taka fyrir á aðalfundi tillögur til breytinga á lögum félagsins, sem síðar koma fram ef 2/3 hlutar viðstaddra atkvæðisbærra fundarmanna eru því samþykktir.

7.grein (verður)

Aðalfundur félagsins hefur æðsta vald og ákvörðunarrétt í öllum málum þess. Skal hann haldinn eigi síðar en **1. apríl** ár hvert. Auglýsa skal aðalfundinn opinberlega, í staðarblöðum, með 2 vikna fyrirvara. Aðalfundurinn telst lögmætur ef löglega er til hans boðað. Tillögum um breytingar á lögum félagsins skal senda aðalstjórn eigi síðar en 3 vikum fyrir aðalfund. Heimilt er þó að taka fyrir á aðalfundi tillögur til breytinga á lögum félagsins, sem síðar koma fram ef 2/3 hlutar viðstaddra atkvæðisbærra fundarmanna eru því samþykktir.
- samþykkt samhlóða.

2. Tillaga 8. Grein – Bætt við lagagrein 8 og því allar greinar þar á eftir fá nýtt númer. Tekið er fram að þessi lagabreyting tekur gildi eftir að fundi lýkur

8.grein

Framboð til formanns skal berast skrifstofu félagsins eigi síðar en 7 dögum fyrir auglýstan aðalfund félagsins. Komi fleiri en eitt framboð til formanns þá skal kosið á milli þeirra sem hafa gefið kost á sér. Ekki er heimilt að koma með tillögum um formann á aðalfundi.

- samþykkt samhljóða.

3. Tillaga. 16. Grein sem verður þá 17. Grein

16. grein (var)

Hver deild innan félagsins skal hafa eigin stjórn, fjárhag og kennitölu. Hver deild skal vera fjárhagslega sjálfstæð og skal hafa tekjur af félagsgjöldum félagsmanna deildarinnar, af ágóða íþróttamóta og öðrum fjáröflunum sem hún tekur sér fyrir hendur í samráði við aðalstjórn félagsins (sbr. þó 25. gr.). Allar meiriháttar fjárhagslegar ákvarðanir einstakra deilda ber að leggja fyrir aðalstjórn til samþykktar. Í hverri deild skal skrá í sérstaka bók eða í tölvu úrslit kappleikja og árangur einstaklinga eða annað markvert sem fram fer innan deildarinnar. Í lok hvers starfsárs skal gera úrdrátt um hið markverðasta sem síðan skal tekið inn í sameiginlega ársskýrslu félagsins.

17. grein (verður)

Hver deild innan félagsins skal hafa eigin stjórn, **sjálfstæðan** fjárhag og kennitölu, **en starfar á ábyrgð og forræði aðalstjórnar félagsins**. Hver deild skal vera fjárhagslega sjálfstæð og skal hafa tekjur af félagsgjöldum félagsmanna deildarinnar, af ágóða íþróttamóta og öðrum fjáröflunum sem hún tekur sér fyrir hendur í samráði við aðalstjórn félagsins (sbr. þó 25. gr.). Allar meiriháttar fjárhagslegar ákvarðanir einstakra deilda ber að leggja fyrir aðalstjórn til samþykktar. Í hverri deild skal skrá í sérstaka bók eða í tölvu úrslit kappleikja og árangur einstaklinga eða annað markvert sem fram fer innan deildarinnar. Í lok hvers starfsárs skal gera úrdrátt um hið markverðasta sem síðan skal tekið inn í sameiginlega ársskýrslu félagsins.

– Spurning úr sal: Hvernig samræmist þessi breyting landslögum - Ólafur Eyjólfsson Formaður svarar og tjáir gestum að aðalstjórn beri ábyrgð á störfum deilda. Hámundur Örn Framkvæmdastjóri tekur undir með Ólafi og segir að dómari hafi fallið í málum sem hafa reynt á þessi lög og aðalstjórn félaga sé ábyrg. Hér er verið að samræma lög félagsins lögum ÍSÍ.

Böðvar nefnir að deildir hafi t.d. skuldbetta aðalstjórnir og því sé það hugsunin að öll ábyrgð sé hjá aðalstjórn. Eydís Mary Jónsdóttir tekur til máls, hún segist skilja þessa lagabreytingu þannig að hér sé vegið að ákvörðunarvaldi deildanna og þrengt sé að þeim. Hámundur Örn svarar þessu - við erum langt í frá að fara út fyrir okkar verksvið með þessari breytingu, hér er eingöngu verið að færa lög ÍSÍ inn í lög félagsins svo þau séu sýnilegri fyrir okkar deildarstjórnendur og félaga. Margrét Sanders vill fá orðið til að svara þessu og talar um að samkvæmt skattalegu tilfelli er íþróttafélag ein lögpersóna og því ekkert óeðlilegt við þessa lagabreytingu - tillaga sett fram- samþykkt samhljóða.

3. Heiðursviðurkenningar-

Brons merki UMFN - Halldór Karlsson, Jakob Hermannsson, Svanur Már, Klemens Sæmundsson, Ingi Þór Þórisson, Rafn Markús Vilbergsson, Birkir Freyr.

Silfur merki UMFN - Þórir Rafn Hauksson.

Gull merki UMFN - Agnar Mar Gunnarsson, Bylgja Sverrisdóttir, Ágústa Guðmarsdóttir.

Gull merki með lárvíðarsveig - Eðvarð Þór Eðvarðsson.

Ólafsbikarinn

Afhending Ólafsbikarsins, Ólafur Thordersen tekur til máls og minnst á hve margir eru að gera gott hjá félaginu. Þrítugasta skipti sem Ólafsbikarinn er afhentur og er hugsaður sem viðurkenninga fyrir þann sem vinnur á bak við tjöldin fyrir félagið og er það Jón Björn Ólafsson sem hlýtur þann bikar.

4. **Ávarp gesta:** Málfríður Sigurhansdóttir frá UMFÍ tekur til máls og kemur fyrir hönd stjórnar UMFÍ og er þetta eldskírnn hennar að fara á aðalfundi félagana. Málfríður nefndi lagabreytingarnar um ábyrgð aðalstjórnar og nefnir að Fjöltnir í Grafarvogi er komið skrefinu lengra, Fjöltnir er aðeins með eina kennitölu fyrir allar deildir. Talar um að í covid ástandinu héldu félögin öllu vel gangandi og hrósar vel. Málfríður ræddi stefnumótun UMFÍ. Leggur áherslu á að allir geti tekið þátt í íþróttum og við stöndum einfaldlega betur saman sem ein heild. Í sumar verður íþróttaveisla og verður hún á fjórum stöðum á höfuðborgarsvæðinu. Unglingalandsmótið á Selfossi um verslunarmannahelgina, ungmennabúðir UMFÍ á Laugarvatni þar sem grunnskólanemendur hafa verið að fara og hefur aðsóknin verið mjög góð. Ungmennaráð UMFÍ 16-25 ára er að undirbúa nýja ráðstefnu um ungmenni og lýðræði. Hjá ungmennaráði hafa verið rafrænir fundir. Hvetur félagsmenn að hafa samband ef eitthvað er og endileg sækja um þá styrki sem í boði eru hjá UMFÍ. Ísland er allt.

Bæjarstjórinn tekur til máls, Kjartan Már ber þakkir frá bæjarráði Reykjanesbæjar og óskar verðlaunahöfum til hamingju. Covid hefur verið erfitt fyrir félögin og var nýlega farið yfir stöðuna með knattspyrnudeildum Njarðvíkur og Keflavíkur. Kjartan ítrekar mikilvægi þess að öll erindi deilda til Reykjanesbæjar verða að berast frá aðalstjórn. Kjartan fer lauslega yfir stefnumótun sem Reykjanesbær fór í árið 2019 og nefnist í krafti fjölbreytileikans. Nýtt glæsilegt íþróttahús við stapaskóla er helmingi stærra en Ljónagryfjan og þar verður einnig sundlaug fyrir almenning eftir skóla. Gervigrasvöllurinn nýji breytir heilmiklu fyrir knattspyrnu á svæðinu. Hvatagreiðslur hækkuðu í 45.000 krónur og nýtast til að niðurgreiða þátttöku í íþrótt- og tómsundastarfi, við þurfum að auka þátttöku barna og þá sérstaklega barna af erlendum uppruna. Að lokum vill hann nefna að verið sé að ljúka við gerð samnings milli Reykjanesbæjar og UMFN um áframhaldandi afnot af húsnaði við Þórustíg 3.

Kjartan ber UMFN þakkir fyrir að halda út í covid og óskar félaginu velfarnaðar í framtíðinni.

5. Kosningar:

- Ólafur Eyjólfsson býður sig fram til formanns og er kosinn samhljóða.
- Hámundur Örn Helgason og Anna Andrésdóttir kosin til tveggja ára.
- Kosin til varastjórnar til eins árs Guðný Björg Karlsdóttir og Thor Hallgrímsson.

Einara Lilja Kristjánsdóttir og Þórdís Björg Ingólfssdóttir sitja fyrir í stjórn.

- Endurskoðendur reikninga Kristín Örlýgs, Valþór og Brynja Vigdís til vara.

6. Önnur mál:

Böðvar býður fundargestum að taka til máls undir liðnum önnur mál.

Ólafur Eyjólfsson tekur til máls og talar um að svona starf byggist mikið á sjálfboðavinnu og segir að eljan sé með ólíkindum hvernig deildir hafa starfað vel í covid og telur að nú

FUNDARGERÐ UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR

fari allt upp á við. Óskar öllum verðlaunahöfum til hamingju og sérstaklega Eðvarði sem er fjórði til þess að fá lárviðamerki félagsins.

Ekki fleir sem óska eftir því að fara í pontu.

7. Böðvar segir að fundi sé ekki slitið heldur er honum frestað til 25. apríl.

Aðalfundur Ungmennafélags Njarðvíkur, frh. haldinn þann 2. maí 2022 kl. 20:00 í Íþróttamiðstöð Njarðvíkur

Aðeins færri gestir að þessu sinni en mættir eru: Ólafur Eyjólfsson, Ágústa Guðmarsdóttir, Einara L Kristjánsdóttir, Hámundur Ö Helgasson, Thor Hallgrímsson, Þórdís B Ingólfssdóttir, Guðný Karlsdóttir úr stjórn félagsins ásamt ca 5 gesta.

Dagskrá fundarins:

1. Formaður setur fundinn.
2. Féhirðir leggur fram reikningshald aðalstjórnar og deilda fram til samþykktar vegna ársins 2021.
3. Önnur mál.

1. Ólafur tekur til máls og hrósar nýkrýndum Íslandsmeisturum til hamingju með titilinn. Fyrri fundarstjóri Böðvar Jónsson forfallaðist og mælir Ólafur með að Hámundur Örn verði fundarstjóri með samþykkt allra.

Hámundur tekur til máls og segir að fresta þurfti síðasta fundi vegna þess að reikningar allra deilda voru ekki tilbúnir. Hámundur býður Ágústu Gjaldkera í pontu til þess að fara yfir ársreikninga.

2. Ágústa gjaldkeri UMFN tekur til máls og fer yfir reikninga félagsins (sjá skýrslu um ársreikninga).

Reikningar samþykktir samhljóða

3. Önnur mál, engin önnur mál og er formaður boðinn í pontu.
Ólafur Eyjólfsson þakkar fyrir árið og Hámundur slítur fundi kl 20:12